


Afstöðumynd 1:500

**Erindislýsing 15.07.2015:**

*Á 1.hæð í húsinu Fjarðargötu 19 er sótt um að opna veitingastað í flokk* II.
Um er að ræða Thailenskan veitingastað.

**Salur.**
Á veitingastaðnum er gert ráð fyrir 34 gestum.
Tvö salerni eru fyrir veitingarstaðinn, annað fyrir hreyfihamlaða. Þar er einnig ræsting fyrir sal.

**Afgreiðsla.**
Í afgreiðluborði er gert ráð fyrir hitaborði fyrir mat. Handvaskur er við afgreiðsluaðstöðu.
Undir borðum í afgreiðslu verða kælar fyrir gos, vín og öl, einnig verður þar geymsla fyrir borðbúnað.

**Eldhús.**
Eldhúsið er aftan við afgreiðslu. Í eldhúsi verða 2 Wok pönnur og 2 djúpsteikingarpottar. Háfur með sjálslökkvibúnaði verður yfir eldunaraðstæðu. Frárennsli verður með fitugildru.
Háfurinn tengist með útsogsstokki, sem er heilsoðinn, inn í utanáliggjandi *útsogsrör, sem verður sambyggt útsogsröri frá veitingastaðnum Subway í dag* á vesturhlið hússins. Frágangur stokksins er EI-60 þegar hann fer inn í veitingastaðinn Subway.
Geymsla með kælir og frystir verður í aflokuðu rými á móti eldhúsi. Við hliðina verður uppvottaaðstaða með skolvask og svo ræsting fyrir eldhús.
Gert er ráð fyrir áhaldavaski, matvælavaski og handvaski í eldhúsi. Í starfsmannaaðstöðu er búningherbergi og salerni starfsmanna. Gert er ráð *fyrir 4 starfsmönnum.*
Við hlið starfsmannaaðstöðu er skrifstofa.
Allar klæðningar eru í flokki I.

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 15-150) í júní 2015 fyrir veitingastað í Fjarðargötu 19, Hafnarfirði.

Flokkun og notkun byggingar
Veitingastaðurinn er í *notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.*

Brunahólfun
Veitingastaðurinn er eitt brunahólf.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.

Flóttaleiðir
*Hvergi er lengra en 30 m í útgang eða annað brunahólf.*
Frá veitingasal sem rúmar 34 gesti er ein aðalflóttaleið beint út en aukaleið gegnum eldhús og út. Þetta telst ásættnalegt þarf sem um ekki mikinn fjölda fólks er að ræða.

Reykskynjarar
Samtengdir reykskynjarar eru á veitingastaðnum sem tengjast öryggiskerfi. Öryggiskerfið tengist viðurkenndri vaktþjónustu.

*Loftræsikerfi*
Útsogssstokkur frá eldunarháf eru heilsoðinn og gengur orofinn út. Hann verður a.m.k. EI60 þar sem hann gengur í gegnum annað brunahólf.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

Slökkvikerfi
*Sjálfvirkt og handvirkt slökkvikerfi viðurkennt af Mannvirkjastofnun verður sett upp yfir* eldunarháf í eldhúsi.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu sett á veitingastaðnum, a.m.k. eitt í eldhús og eitt í sal.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp á veitingastaðnum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k 0,5 lux í matsal og salerni fyrir fatlaða.
*Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í eldhúsi.*

Samþykkt þann
12 AUG 2015
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Sigurður Steinar Jónsson*




Sneið A–A

A:16.07.15 Erindislýsing lagfærð
*Útsog frá háf í eldhúsi fer inn* Subway en með útblástursröri út úr húsinu.

**GP ARKITEKTAR**

| | |
|---|---|
| Verkefni: | Fjarðargata 19 Veitingastaður |

Afstöðumynd og sneið

| | |
|---|---|
| *Teikning nr.* | 000A |
| Mál | 1:500 og 1:100 |
| Dags. | 11.06.2015 |
| Teiknað | |


Aðalstræti 11 101 Reykjavík
Sími: 5511790 Fax 5622275
5621790 gpark@gpark.is
Guðni Pálsson Arkitekt FAÍ
Kt. 291246–4519